
Vesturbúðarhóll á Eyrarbakka:
Undirbúningsrannsókn árið 2019



Lilja Björk Pálsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir


Fornleifastofnun Íslands

FS816-17251

Reykjavík

2021





Forsíðumyndin sýnir svæðið við uppgrftarlok.
Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir

© 2021

Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fornleif@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer

MÍ201706-0054

Þjóðminjasafnsnúmer

2019-83

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna

Fornleif númer 274. Margrét Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir. 2015.
Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á Eyrarbakka. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða, bls. 261-264.

Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur)

Að kanna varðveislu og umfang þekktra verslunarhúsa á Vesturbúðarhól en einnig hvort eldri verslunarbúðir sé að finna á staðnum.

Tegund rannsóknar

Vísindarannsókn

Staðsetning (staður, sveitarfélag, sýsla)

Eyrarbakki, sveitarfélaginu Árborg í Árnessýslu

GPS hnit

ISN93: A 393867 N 375262

Rannsóknartími


19. - 23. ágúst 2019

Leyfishafi

Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Fjöldi starfsmanna

Þrjú fornleifafræðingar



Mynd 1 Staðsetning rannsóknarsvæðis er sýnd með raudum punkti.

Samantekt

Vesturbúðarhóll er vestan við samkomuhúsið Stað á Eyrarbakka. Hóllinn er grasivaxinn og þar stóðu verslunarhús frá fyrri hluta 18. aldar og fram til ársins 1950. Á hólnum má sjá óljós ummerki bygginga á nokkrum stöðum og víða glittir í grjót uppúr grassverði. Síðustu húsin sem stóðu á minjastaðnum voru rifin árið 1950.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna umfang, aldur og varðveisluskilyrði fornleifa í Vesturbúðarhól sem og að athuga hvort eldri verslunarbúðir hafi verið á svæðinu áður en ritaðar heimildir geta húsa þar. Uppgröfturinn fór fram í ágúst 2019. Ákveðið var að rannsaka aðstæður í vesturhluta Vesturbúðarhólsins, nánar tiltekið hús sem kallað var Fönix. Opnað var 25 fm² svæði og því valinn staður þar sem undirstöður vesturhliðar hússins var að vænta. Svæðið náði þannig yfir undirstöður hússins, að hluta út fyrir þær og inn fyrir.

Tvö byggingarstig komu í ljós við uppgröftinn; grjótundirstöður hússins og stækkun sem hafði í för með sér breikkun á undirstöðum. Ekki komu nein gólfög í ljós en för eftir timburstöð benda til að timburgólf verið í húsinu. Ekki er hægt að segja hvort kjallari hafi verið undir húsinu upphaflega þar sem ekki var grafið niður fyrir grjótundistöður hússins að þessu sinni. Hvað varðar aldur minjanna er þeirri spurningu enn ósvarað sem og hvort eldri minjar séu á svæðinu. Minjarnar eru frá 18. öld og allt fram til seinni hluta 20. aldar sé horft til gripanna.

Lykilord: Eyrarbakki, Vesturbúðin, Vesturbúðarhóll, verslunarsaga, 18. öld

Summary

Vesturbúðarhóll is in the village Eyrarbakki, south Iceland. This was a trading site from early 17th century until 1950 when the houses were torn down. Stones, concrete and other remains are still visible on the surface.

The aim of the fieldwork was to determine the extent and preservation of Fönix, an 17th century building associated with the trading site, as well as investigating whether there are older structures at the site. The excavation took place in august 2019 and in total about 25 fm² were excavated. The trench revealed two building phases, the stone foundations of a building and a younger wall to the west of it. It was not possible to state whether there was a cellar underneath the building and no floors were exposed. The artefacts date the archaeology from the 18th to the 20th century.

Keywords: Eyrarbakki, Vesturbúðin, Vesturbúðarhóll, trade history, commerce, 18th century



Efnisyfirlit

	Samantekt	5
	Summary	5
1.	Inngangur	9
	Markmið	10
	Samfélagið	10
2.	Rannsóknin	12
	Aðferðafræði	12
	Jarðvegssýni	13
	Uppgröftur	13
	Áfokssandur og fylling í grunni [400, 401, 403]	15
	Yngri grjóthleðsla [405] og [408]	15
	Eldri grjótundirstöður [406, 409] og timburleifar [407]	16
	Áfokssandur [402]	18
	Gripir	18
3.	Niðurstöður	19
	Heimildir	20
	Af skjalasöfnum:	20
	Viðauki 1: Einingaskrá	22
	Viðauki II: Fundaskrá	23
	Viðauki III: Ljósmyndaskrá	26



1. Inngangur

Vesturbúðarhóll er grasivaxinn og er vestan við samkomuhúsið Stað á Eyrarbakka. Hóllinn er um 110x45m að stærð, snýr austur-vestur og á þessum stað stóðu verslunarhús Eyrarbyggðar frá fyrri hluta 18. aldar og fram til ársins 1950. Á hólnum má sjá óljós ummerki bygginga á nokkrum stöðum og víða glittir í grjótt upp úr grassverðinum. Síðustu húsin sem stóðu á minjastaðnum voru rifin árið 1950. Voru jarðýtur notaðar til að jafna yfir og slétta undirstöður húsanna. Timbur úr þeim var flutt til Þorlákshafnar og endurnýtt til húsbygginga. Þau hús brunnu árið 1987.¹

Vesturbúðarhóll er hluti af merkilegri þyrpingu minjastaða á Eyrarbakka sem bera sögu þorpsins sem aðalverslunarstaðar Suðurlands í hátt tvær aldir vitni.² Norðan við Vesturbúðarhól



Mynd 2 Ljósmynd af Vesturbúðinni eftir Harald Blöndal sem birtist í bókinni Saga Eyrarbakka I. Myndin er í eigu Bygðasafns Árnesinga

er Skúmsstaðahverfi þar sem fjölmörg hús frá seinni hluta 19. aldar standa á eða í nágrenni bæjarhóls landnámsbýlisins Skúmsstaða og um leið innan heimatúns jarðarinnar. Það er því líklegt að byggingar og starfsemi að einhverju tagi hafi um aldir farið fram á Vesturbúðarhól.

Ekki er ætlunin að rekja verslunarsögu Eyrarbakka í þessari skýrslu og verður að mestu horft til Vesturbúðarhóls og þess tíma sem verslun var starfrækt þar. Áður en verslun hófst á Vesturbúðarhól var hún líklega staðsett í landi Einarshafnar þar sem nú eru sundtré skammt vestan við þorpið. Flutningur lögbýlisins Einarshafnar yfir í land Skúmsstaða var samþykktur

¹ Lilja Árnadóttir 1989: 14

² Ágústa Edwald 2019: 85; Vigfús Guðmundsson 1945: 281; Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir 2015: 13; Guðmundur Þórarinnsson 1997: 20-21

árið 1621 og í byggingabréfi Skúmsstaða frá árinu 1665 kemur fram að byggingar Einarshafnar séu að öllu leiti í Skúmsstaðalandi.³ Í heimildum frá 1653 er minnst á danskt timburhús sem eyðilagðist í flóði⁴ og í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708⁵ segir að krambúð með tilliggjandi húsum sé nálægt túninu á Skúmsstöðum og hafi verið þar í um 20 ár eða lengur, eftir flutning úr Einarshafnarlandi. Staðsetning þessara verslunarhúsa er óljós en líklega voru þau á Vesturbúðarhól.

Elstu byggingar sem vitað er með nokkurri vissu að hafi staðið á Vesturbúðarhól eru frá miðri 18. öld en hús sem var byggt árið 1734 er lýst sem „det nye huus” í úttekt frá 1742.⁶ Það er elsta úttekt á verslunarhúsunum á Vesturbúðarhól. Nafngiftin bendir til þess að aðrar byggingar sem lýst er í sömu úttekt séu enn eldri. Fjölmargar heimildir, m.a. úttektir og burðarvirkisteikningar eru til af verslunarhúsunum en engu að síður er ekki mikið vitað um hvernig staðið var að uppbyggingu og viðhaldi húsanna eða hvernig starfsemi þeirra breyttist. Varðveittar úttektir frá 1742 og 1744 staðsetja auk verslunarhúsanna ýmsa iðnaðarstarfsemi í Vesturbúðinni s.s. verkstæði beykis, mörbræðslu, tólgarbræðslu og sláturhús.⁷

Markmið

Forrannsókn fór fram á hólnum árið 2017 sem staðfesti að minjastaðurinn geymir enn upplýsingar um verslun og iðnað á Íslandi frá átjándu og fram á 20. öld.⁸ Markmið þessarar rannsóknar er að kanna umfang, aldur og varðveisluskilyrði fornleifa í Vesturbúðarhól sem og að athuga hvort eldri verslunarbúðir hafi verið á svæðinu áður en ritaðar heimildir geta húsa þar. Séu varðveisluskilyrði góð gætu fornleifar þessarar verslunar og iðnaðar bætt stórum við brotakennda fornleifafræði iðnaðar og verslunar á Íslandi.

Samfélagið

Samfélagið á Eyrarbakka hefur sýnt sögu þorpsins mikinn áhuga og ekki síst hlutverki staðarins í verslunarsögu Íslands sem og hugmyndum um endurbyggingu verslunarhúsanna. Þessi áhugi endurspeglast í formlegri stofnun Vesturbúðarfélagsins árið 2020 sem hafði átt sér aðdraganda frá því snemma árs 2018. Tilgangur og markmið félagsins er uppbygging og endurreisn húsa og annarrar aðstöðu Vesturbúðarinnar. Félagið lagði grunninn að þessarri rannsókn og tók í raun við keflinu þaðan sem Eyrbekkingurinn og fornleifafræðingurinn Dr. Ágústa Edwald skildi við

3 Vigfús Guðmundsson 1945: 32; Ágústa Edwald 2019: 91

4 Vigfús Guðmundsson 1949: 181; Þorvaldur Thoroddsen 1919: 30

5 JÁM II 1981: 80

6 Úttektir á húsum á Eyrarbakka frá 1742 og 1774. Ljósrit í eigu höfundar fengið frá Byggðasafni Árnesinga

7 Ágústa Edwald 2017: 3-4, 7; Lilja Árnadóttir 1989: 14

8 Ágústa Edwald 2017: 11-12



Mynd 3 Heimamenn jafnt sem ferðamenn voru áhugasamir um uppgröftinn

árið 2017. Ágústa hlaut styrk úr Fornminjasjóði árið 2017 fyrir forrannsókn á Vesturbúðarhól og stýrði vettvangsrannsóknum sama ár.⁹ Ragnheiður Gló Gylfadóttir fornleifafræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands stýrði þessari rannsókn en með henni voru Lilja Björk Pálsdóttir fornleifafræðingur og Magnea Dís Birgisdóttir fornleifanemi. Þær komu allar að úrvinnslu rannsóknarinnar. Uppgröfturinn var fjármagnaður af Vesturbúðarfélaginu sem hlaut styrk árið 2019 úr Sóknaráætlun Suðurlands.


Á meðan á uppgræftri stóð var mikið um gestakomur á svæðið. Flestir voru heimamenn en einnig voru erlendir ferðamenn áhugasamir og vildu fræðast um sögu staðarins og minjarnar. Við þessar heimsóknir nýttist líkan af Vesturbúðinni, sem stendur á miðju minjasvæðinu, afar vel þar sem auðvelt var að útskýra húsaskipan og staðsetja uppgröftinn á sjónrænni hátt fyrir aðkomufólki. Deildu gestir gjarnan sínum upplifunum og minningum af svæðinu og eru slíkar heimildir ómetanlegar fyrir rannsækendur, því oft er um að ræða upplýsingar sem ekki rata á blað þegar formlega er fjallað um mannvirki og minjar. Er öllum þeim sem studdu við rannsóknina sumarið 2019, með beinum og óbeinum hætti, þakkað fyrir þeirra framlag. Ágústa Edwald, Inga Lára Baldvinsdóttir, Magnús Karel Hannesson og Gísli Krisjánsson fá sérstakar þakkir.

Skýrslan samanstendur af fjórum köflum. Í öðrum kafla verður fjallað um uppgröftinn sjálfan og í þriðja kafla verða niðurstöðurnar dregnar saman og í viðhengjum aftast í skýrslunni má finna gripa- og jarðlagaskrár auk ljósmyndaskrár.

⁹ Ágústa Edwald, 2017

2. Rannsóknin

Uppgröfturinn fór fram í ágúst 2019. Ákveðið var að rannsaka aðstæður í vesturhluta Vesturbúðarhóls, nánar tiltekið hús sem kallað var Fönix. Samkvæmt lýsingu á notkun hússins undir lok 19. aldar voru kornvörur geymdar á efri hæðinni en niðri var tekið á móti hrognum, lýsi og fleiru sem var verslað með. Húsið hefur því verið vörugeymsluhús og nærri 38 álnir á lengd.¹⁰



Mynd 4 Niðurstöður jarðsjármælinga sýna grjótuðurstöður Vesturbúðarinnar. Hvíta svæðið er vegur sem var lagður eftir að húsin voru rifin. Kort eftir Mark Graham.

Aðferðafræði

Uppgröftur og skráning mannvistarlaganna fylgir svokallaðri einingaaðferð (e. *single context recording*), sem lýst er í uppgráttarhandbók Fornleifastofnunar Íslands.¹¹ Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa

¹⁰ Úttektir á húsum á Eyrarbakka frá 1742 og 1774. Ljósrit í eigu höfundar fengið frá Bygðasafni Árnesinga: Jón Pálsson 1946: 40

¹¹ Lucas, Gavin. 2003

verið grafinn upp á Vesturbúðarhól. Á meðan á uppgræftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað sambandi þeirra á milli. Gerir flæðiritið, þeim sem grefur, kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í sambandi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d þær sem taldar eru tilheyrja sama notkunarkeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgræftar í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við. Notast er við Harris Matrix Composer sem er forrit sérhannað til að halda utan um slík gögn. (Harrismatrixcomposer.com)



Figure 1 Example of Harris Matrix

Mynd 5 Single context og Harris Matrix. Myndin er fengin af vefsíðu <https://www.semanticscholar.org>

Gripir sem finnast við uppgröft eru mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í sambandi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgræftarsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru eininganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.¹²

Jarðvegssýni

Engin jarðvegssýni voru tekin þar sem ekki var komið niður á mannvistarlög sem gætu gefið frekari upplýsingar með sýnatöku.


Uppgröftur

Opnað var 25 fm² svæði, 5x5 m stórt. Uppgræftarsvæðinu var valinn staður þar sem undirstöður á vesturhlið hússins var að vænta. Svæðið náði þannig yfir



Mynd 6 Uppgræftarsvæðið valið

¹² Lucas, Gavin .2003



Mynd 7 Mynd af uppgriftarsvæði með jarðlögum

undirstöður hússins, að hluta út fyrir þær og inn fyrir. Var með því vonast til að mögulegt yrði að komast niður á gólfög ef einhver væru innanhúss annarsvegar en dýpt og hæð grjótundirstaðna og yfirborðshæð utanhúss hinsvegar. Notast var við flygildi á meðan á uppgreftri stóð til að skrásetja framgang uppgriftar og til að ná heildarmynd af svæðinu.



Mynd 8 Eftir að grasrót var fjarlægð kom í ljós sendið lag [400] með braungrýti. Horft til norðausturs.

Áfokssandur og fylling í grunni [400, 401, 403]


Eftir að yfirborðstorf hafði verið fjarlægt kom í ljós afar sendinn jarðvegur. Í raun var aðallega um sand að ræða, sem ber vitni um hið mikla áfok og tilfærslu á sandi sem á sér stað þarna við sjávarsíðuna. Greina mátti lagskiptingu í sandinum en ekki var þó talið að frekari upplýsingar fengjust með því að skipta þeim upp. Hann var því fjarlægður allur í einu. Í þessum áfokssandi [400] var gríðarmikið af fremur smáu hraungrýti, um og yfir handarstöru (10-15 cm). Þetta grjót er að öllum líkindum til komið eftir að húsið er fallið úr notkun, grjótundirstöður hússins fylltar með grjóti og sandur fokið á milli og yfir. Undir grjótinu lá sandlag [403] með viðarleifum, líklega leifar frá því húsið var rífið.



Mynd 9 Jarðlag [400], sendinn jarðvegur og smátt hraungrýti.

Yngri grjóthleðsla [405] og [408]


Hlaðin grjóthleðsla [405] kom í ljós eftir að áfokssandur og grjótfilling [400] var fjarlægt. Um var að ræða einfalda röð af stóru (30-50 cm) ótilhoggnu grjóti. Grjótinu hafði verið hlaðið í 1-2 umför, allt eftir stærð grjótsins. Hleðslan lá beint ofan á því yfirborði sem hefur verið fyrir utan húsið en enginn niðurgröftur kom í ljós. Grjót vantaði í hluta hleðslunnar og hafði fyllst þar af smærra grjóti og sandi, ekki ósvipað lagi [400]. Til að kanna hvers eðlis þetta rof var, var gerður lítill könnunarskurður þar sem sandur og smærra grjót var hreinsaður burt. Reyndist um að ræða sendna fyllingu [408] með smáu hraungrýti sem hefur verið fyllt upp í rými fyrir aftan grjóthleðsluna. Þegar hleðslugrjót



Mynd 10 Grjóthleðsla [405] var vestan megin við eldri undirstöður [408] hússins.

var fjarlægt hefur fyllingin runnið fram. Engin ummerki voru um að hrunið hafi úr hleðslunni þar sem ekkert hleðslugrjót var að sjá fyrir framan eða undir þessari fyllingu. Hefur því grjót verið tekið úr hleðslunni fyrir löngu með þessum afleiðingum.

Þessi ytri hleðsla [405] hefur líklega verið gerð þegar húsið var stækkað. Samkvæmt úttektum voru yngri húsin stærri og breiðari en þau hús sem nefnd eru í úttektum á 18. öld. Húsin stóðu að öllum líkindum á sama stað líkt og jarðsjármælingar sem gerðar voru 2017 benda til.¹³



Mynd 11 Sniðteikning sem sýnir viðbætur við grjótundirstöður [405] hússins.

Engin gólfög eða byggingarefni önnur en grjótundirstaðan komu í ljós sem hægt var að tengja þessari breikkun sérstaklega.


Eldri grjótundirstöður [406, 409] og timburleifar [407]



Mynd 12 Eldri grjótundirstöður [406, 409] hússins Fönix. Hægra megin, samsíða hleðslunni, sést niðurgröfturinn sem undirstöðurnar voru hlaðnar í. Horft til suðurs.

13 Ágústa Edwald 2019: 93.

Þegar ytri hleðslan [405] hafði verið fjarlægð ásamt sendinni hraungrýtisfyllingu [408] komu upphaflegu grjótundirstöðurnar [406] í ljós. Grafið hafði verið niður fyrir undirstöðunum og grjótið lagt í skurðinn [409]. Þar sem grjóthleðslan var ekki fjarlægð er ekki vitað hversu djúpur þessi niðurgroftur er en fyllingarefni var á eins metra kafla fjarlægt niður á a.m.k. 0,5 m og var ekki komið niður fyrir grjótundirstöðurnar. Grafið hafði verið í gegnum afar sendin jarðlög sem voru bæði áfokssandur en einnig hreyfðari sendinn jarðvegur með einstaka smáum viðarkolum.



Mynd 13 Sniðteikning af upphaflegri undirstöðu [406] hússins.

Munur var á innri og ytri hleðslu undirstöðunnar. Ytri hleðslan var gerð með mun stærra grjóti og voru þar af leiðandi færri umför. Tvö umför komu í ljós og grjótið var ótilhoggið en stórt [40-50 cm].

Í innri hleðslu sáust allt að þrjú umför af hraungrýti sem var af mismunandi stærðum [20-40 cm]. Ekki hafði verið grafið niður fyrir þessari innri hlið og nær hún þar af leiðandi ekki jafndjúpt og sú ytri. Til að kanna dýpt hleðslunnar, og hvort ummerki um eldri gerð hennar væru sjáanleg, var grafið dýpra meðfram hleðslunni við norðurenda uppgraftarsvæðis. Undir neðsta umfari voru áfokssandlög en um 20 cm af þeim voru fjarlægð í þessu skyni. Í nyrðri enda uppgraftarsvæðis komu í ljós lífrænar leifar [407] sem lágu ofan á grjótpúkki. Líklega er um að ræða leifar timburgólfs.



Mynd 14 Lífrænar leifar [407] sjást sem dökk rák ofan á grjótpúkki. Horft til vesturs.

Áfokssandur [402]

Vestan við grjótundirstöður [405] var fjarlægður mjög sendinn jarðvegur. Þar sem aðallega var um sand að ræða var ekki mögulegt að skipta honum upp í einstök lög, en dálítill munur var að sjá á grófleika sandkorna og magni skeljasands í lögnum. Örlítið af viðarkolum var í þessum sandbunka öllum og má draga þá ályktun að um sé að ræða fok úr nálægum rusla- eða mannvistarlögum.

Gripir

Ýmsir gripir komu í ljós við uppgröftinn en ákveðið að vinna aðeins grunnskráningu uns frekara fjármagn liggur fyrir. Aðallega var um að ræða byggingarefni ýmisskonar, svo sem rúðugler,



múrsteina, nagla og einstaka timburleifar. Þónokkuð af krítarpípabrotum fannst einnig og einstaka leirkerabrot auk flöskubrota og dýrabeina. Tunnugjarðir og brot af tunnustöfum fundust einnig. Allt eru þetta gripir sem vænta má í 18.-19. aldar jarðlögum en einnig fundust gripir sem greinilega eru mun yngri og tilheyra niðurrifsskeiði hússins. Nælonsokkabuxur og plasttappar ásamt öðrum gripum úr plasti tilheyra þessum

Mynd 15 Viðargripur <68>, líklega tunnulok eða -botn.

efstu lögum sem innsigliðu fornminjarnar sjálfar. Gripasafnið er líkt því sem fannst árið 2017.

3. Niðurstöður

Tvö byggingarstig komu í ljós við uppgröftinn; upprunalegar grjótundirstöður fyrir húsið og breikkun þeirra þegar húsið var stækkað. Ekki komu nein gólfög í ljós en för eftir timburstöð benda til að timburgólf verið í húsinu. Ekki er hægt að segja hvort kjallari hafi verið undir húsinu upphaflega þar sem ekki var grafið niður fyrir grjótundirstöður að þessu sinni né niður á óhreyfð jarðlög. Neðsti hluti veggjanna sést enn, allt timbur var rifid og flutt til Þorlákshafnar. Varðveisla á undirstöðunum hússins er góð og þeim var ekki rutt út við niðurrifid líkt og munnmæli geta um. Húsgrunnurinn virðist hafa verið fylltur af grjótpúkki og sandi án þess að undirstöðunum hafi verið raskað að ráði. Ekki hafa varðveist burðarvirkisteikningar af þessu húsi en gera má ráð fyrir að það hafi verið eins og hin verslunarhúsin að gerð sem getið er í úttektum á hólnum.

Ekki var hægt að staðfesta að eldri minjar en þeirra sem getið er í ritheimildum séu á svæðinu. Þær minjar sem grafnar voru upp eru frá 18. öld og allt fram til seinni hluta 20. aldar sé horft til gripanna sem og ritheimilda. Gripirnir tengjast flestir niðurrifi hússins en auk þess eru fundust einnig leirkersbrot og brot úr tunnu. Húsið gæti engu að síður verið eldra en ekki var grafið niður fyrir undirstöður þess.

Niðurstöður þessa uppgraftar sem og rannsókna sumarið 2017 benda eindregið í sömu átt. Enn eru töluverðar minjar og ummerki um húsin undir sverði á Vesturbúðarhól þrátt fyrir að þau hafi verið rifin og sléttað yfir svæðið. Áframhaldandi rannsóknir á hólnum munu án efa bæta miklu við sögu verslunar á Eyrarbakka sem og landsins alls.

Við lok uppgrafarins var settur dúkur yfir svæðið og það fyllt með grjóti og mold. Að endingu var tyrft.



Mynd 16 Rannsóknarsvæðin árið 2017 og 2019 sjást á þessari mynd.

Heimildir

Ágústa Edwald. 2017. *Vesturbúðabóll á Eyrarbakka. Jarðsjármælingar og könnunaruppgröftur*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Ágústa Edwald. 2019. „Könnunarrannsókn á Vesturbúðahól á Eyrarbakka.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 2019*. Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag, bls. 85-106.

Graham, Mark. 2017. *Report on Geophysical Survey. Vesturbúðarhóll, Eyrarbakki, Iceland. Coordinates (ISN93) A393867-N375262*. Grampus Heritage and Training Ltd. Bretland.

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbyggðabreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. Eyrarbakki: Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III. Árnessýsla. 1981. Reykjavík: Sögufélag.

Jón Pálsson. 1946. *Austantóru II*. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir. 2015. *Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á Eyrarbakka*. NV nr. 6-16. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Vigfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbakka. I*. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

Vigfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrarbakka. II*. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

Þorvaldur Thoroddsen. 1919. *Lýsing Íslands I*. Reykjavík: Sjóður Þorvaldar Thoroddsen.

Af skjalasöfnum:

RA. Kh. Rtk. 373.117. Úttektir á húsum á Eyrarbakka frá 1742 og 1774. Ljósrit í eigu höfundar fengið frá Byggðasafni Árneseinga.

Myndaskrá

- Mynd 1 Staðsetning rannsóknarsvæðis er sýnd með rauðum punkti. Bls. 4
- Mynd 2 Ljósmynd af Vesturbúðinni eftir Harald Blöndal sem birtist í bókinni Saga Eyrarbakka I. Myndin er í eigu Byggðasafns Árnesinga Bls. 9
- Mynd 3 Heimamenn jafnt sem ferðamenn voru áhugasamir um uppgröftinn. Bls. 11
- Mynd 4 Niðurstöður jarðsjármælinga sýna grjótundirstöður Vesturbúðarinnar. Hvíta svæðið er vegur sem var lagður eftir að húsin voru rifin. Kort eftir Mark Graham. Bls. 12
- Mynd 5 Single context og Harris Matrix (<https://www.semanticscholar.org/paper/The-Temporal-Dimension-in-a-4D-Archaeological-Data-Roo-Weghe/de4d0da90c6dce4d502f43b1e6b162f4d105432a/figure/2>) Bls. 13
- Mynd 6 Uppgraftarsvæðið valið. Bls. 13
- Mynd 7 Mynd af uppgraftarsvæði með jarðlögum. Bls. 14
- Mynd 8 Eftir að grasrót var fjarlægð kom í ljós sendið lag [400] með hraungrýti. Horft til norðausturs. Bls. 14
- Mynd 9 Jarðlag [400], sendinn jarðvegur og smátt hraungrýti. Bls. 15
- Mynd 10 Grjóthleðsla [405] var vestan megin við eldri undirstöður [408] hússins. Bls. 15
- Mynd 11 Sniðteikning sem sýnir viðbætur við grjótundirstöður hússins. Bls. 16
- Mynd 12 Eldri grjótundirstöður (406, 409) hússins Fönix. Hægra megin, samsíða hleðslunni, sést niðurgröfturinn sem undirstöðurnar voru hlaðnar í. Horft til suðurs. Bls. 16
- Mynd 13 Sniðteikning af upphaflegri undirstöðu hússins. Bls. 17
- Mynd 14 Lífrænar leifar [407] sjást sem dökk rák ofan á grjótpúkki. Horft til vesturs. Bls. 17
- Mynd 15 Viðargripur <68>, líklega tunnulok eða -botn. Bls. 18
- Mynd 16 Rannsóknarsvæðin árin 2017 og 2019 sjást á þessari mynd. Bls. 19

Viðauki 1: Einingaskrá

Number	Area	Type	Group	Lýsing	Dags.	ID
400	B	D		Hreyfður sandur með grjóti - fylling eftir að hús er fellt	20.08.2019	LP/MDB/ RGG
401	B	D		Hrun/grjót í lagi 400, veggur	21.08.2019	RGG
402	B	D		Sandlög fyrir utan hús	21.08.2019	LP
403	B	D		Sandlag undir 400 með viðarleifum	22.08.2019	MDB
404	B	Gr.		Númer fyrir gr. í vesturhluta könnunarskurðs	22.08.2019	LP
405	B	D	404	Ytri (vestari) grjóthleðsla í könnunarskurði	23.08.2019	LP
406	B	D		Eldri grjóthleðsla	23.08.2019	LP
407	B	D		Leifar af timbri í undirstöðu/ þverbíta í gólfi	23.08.2019	MDB

Viðauki II: Fundaskrá

Site	Ártal	Þjms nr.	Nr	Lagaeyning	Area	Tegund	Efni	Efni (un- dírflökkur)	Lýsing
Vesturbúðarhóll	2019	83	1	0001	Svæði B	Rúðugler	Gler		5 misstór rúðuglerbrot
Vesturbúðarhóll	2019	83	2	0001	Svæði B	Flöskuháls	Gler	Plast	Tveir grænir flöskuhálsar, annar með áföstum plast-tappa
Vesturbúðarhóll	2019	83	3	0001	Svæði B	Viðarbútur	Viður		Viðarbútur
Vesturbúðarhóll	2019	83	4	0001	Svæði B	Plasthlutur	Plast		Tvö svört plastbrot af óþekktum hlut
Vesturbúðarhóll	2019	83	5	0001	Svæði B	Leirker			17 misstór hvít leirkersbrot, eitt brotið er botn af bolla eða öðru íláti
Vesturbúðarhóll	2019	83	6	0001	Svæði B	Sokkabuxur	Textíll?	Nælon?	Tveir hlutar af illa förnun sokkabuxum
Vesturbúðarhóll	2019	83	7	0001	Svæði B	Járnstöng	Málmur	Járn	Boginn hluti af járnstöng eða járnþípu
Vesturbúðarhóll	2019	83	8	0001	Svæði B	Járnhlutur	Málmur	Járn	Mjög ryðgaður hringlaga járnhlutur
Vesturbúðarhóll	2019	83	9	0001	Svæði B	Múrsteinn?	Leir?		Brot af ljósum múrsteini?
Vesturbúðarhóll	2019	83	10	0001	Svæði B	Tann-kremstúba	Málmur	?	Tannkremstúba
Vesturbúðarhóll	2019	83	11	0001	Svæði B	Járnhlutur	Málmur	Járn	Mjög ryðgaður járnhlutur
Vesturbúðarhóll	2019	83	12	0001	Svæði B	Málm-hlutur	Málmur	Stál?	Hlutur úr málm
Vesturbúðarhóll	2019	83	13	0001	Svæði B	Nagli	Málmur	Járn	32 ryðgaðir naglar, misstórir
Vesturbúðarhóll	2019	83	14	0001	Svæði B	Járnhlutur	Málmur	Járn	2 nokkuð mismunandi ryðgaðir járnhlutir
Vesturbúðarhóll	2019	83	15	0001	Svæði B	Málm-hlutur	Málmur	Stál?	Málmhlutur, mögulega niðurfallsrist?
Vesturbúðarhóll	2019	83	16	0402	Svæði B	Viðarbútur	Viður		Viðarbútur
Vesturbúðarhóll	2019	83	17	0402	Svæði B	Dýrabein	Bein		3 fiskabein og eitt úr spendýri
Vesturbúðarhóll	2019	83	18	0402	Svæði B	Flaska	Gler		Glært glerbrot af flöskubotni
Vesturbúðarhóll	2019	83	19	0402	Svæði B	Plast/gler	Plast/gler		Plast eða glerbrot
Vesturbúðarhóll	2019	83	20	0402	Svæði B	Járnhlutur	Málmur	Járn	Járnhlutur, mögulega ofan járnfláti
Vesturbúðarhóll	2019	83	21	0402	Svæði B	Víkursteinn	Steinn	Víkur	Víkursteinn?
Vesturbúðarhóll	2019	83	22	0402	Svæði B	Járnhlutur	Málmur	Járn	Járnplata og járnhlutur

Vesturbúðarhóll	2019	83	23	0402	Svæði B	Ljósapera	Málmur	Kopar- blanda?	Skrúfgangur neðan af ljósaperu
Vesturbúðarhóll	2019	83	24	0402	Svæði B	Nagli	Málmur	Járn	12 misstórir ryðgaðir naglar
Vesturbúðarhóll	2019	83	25	0405	Svæði B	Nagli	Málmur	Járn	6 misstórir og misvel varðveittir naglar
Vesturbúðarhóll	2019	83	26	0405	Svæði B	Dýrabein	Bein		Dýrabein, brotið
Vesturbúðarhóll	2019	83	27	0405	Svæði B	Múrsteinn	Leir		Rauðleitt múrsteinsbrot
Vesturbúðarhóll	2019	83	28	0405	Svæði B	Glerbrot	Gler		Þrjú mismunandi glerbrot, eitt glært, eitt grænt og matt
Vesturbúðarhóll	2019	83	29	0405	Svæði B	Leirker			Þrjú hvít leirkerbrot, tvö stærri brotin passa saman
Vesturbúðarhóll	2019	83	30	0403	Svæði B	Nagli	Málmur	Járn	25 naglar og naglabrot, misvel varðveittir
Vesturbúðarhóll	2019	83	31	0403	Svæði B	Dýrabein	Bein		13 mismunandi dýrabein, m.a. eitt fiskibein
Vesturbúðarhóll	2019	83	32	0403	Svæði B	Glerbrot	Gler		7 mismunandi glerbrot
Vesturbúðarhóll	2019	83	33	0403	Svæði B	Brýni?			Brýnisbrot?
Vesturbúðarhóll	2019	83	34	0403	Svæði B	Krítarpípa	Leir		7 mismunandi brot af krítarpípum
Vesturbúðarhóll	2019	83	35	0405	Svæði B	Umgjörð	Málmur	Járn	Láklega umgjörð af tunnu
Vesturbúðarhóll	2019	83	36	0405	Svæði B	Nagli	Málmur	Járn	Ryðgaður nagli
Vesturbúðarhóll	2019	83	37	0402	Svæði B	Málmhlutur	Málm- blanda		Mögulega lok eða efsti parturinn af málmfötu
Vesturbúðarhóll	2019	83	38	0402	Svæði B	Járnplata	Málmur	Járn	5 brot af járnplötu, mögulega brot af tunnuumgjörð
Vesturbúðarhóll	2019	83	39	0402	Svæði B	Nagli	Málmur	Járn	7 naglar, misvel varðveittir
Vesturbúðarhóll	2019	83	40	0402	Svæði B	Glerbrot	Gler		Grænt flöskuglerbrot
Vesturbúðarhóll	2019	83	41	0402	Svæði B	Steypubrot			Steypubrot
Vesturbúðarhóll	2019	83	42	0403	Svæði B	Viðarkol			9 viðarkol
Vesturbúðarhóll	2019	83	43	0403	Svæði B	Múrsteinn	Leir		5 múrsteinsbrot
Vesturbúðarhóll	2019	83	44	0403	Svæði B	Nagli	Málmur	Járn	37 misvel varðveittir naglar
Vesturbúðarhóll	2019	83	45	0403	Svæði B	Viður	Viður		Viðarbútur
Vesturbúðarhóll	2019	83	46	0403	Svæði B	Glerbrot	Gler		11 mismunandi glerbrot
Vesturbúðarhóll	2019	83	47	0403	Svæði B	Dýrabein	Bein		Dýrabein + tennur
Vesturbúðarhóll	2019	83	48	0403	Svæði B	Ýsubein	Bein		Ýsuklumba
Vesturbúðarhóll	2019	83	49	0403	Svæði B	Plast	Plast		Plastbrot? Mjög nútímalegt
Vesturbúðarhóll	2019	83	50	0403	Svæði B	Flinta?			Flinta?

Vesturbúðarhóll	2019	83	51	0403	Svæði B	Krítarpípa	Leir	Leir	5 misstór krítarpípubrot
Vesturbúðarhóll	2019	83	52	0403	Svæði B	Leirker/ keramik	Leir	Leir	3 leirkerbrot, eitt hvítt með blárrí skreytingu og tvö rauðleit
Vesturbúðarhóll	2019	83	53	0400	Svæði B	Múrsteinn	Leir	Leir	2 Múrsteinsbrot
Vesturbúðarhóll	2019	83	54	0400	Svæði B	Múrsteinn	Leir	Leir	Rautt múrsteinsbrot
Vesturbúðarhóll	2019	83	55	0400	Svæði B	Múrsteinn	Leir	Leir	Rauðleitt múrsteinsbrot
Vesturbúðarhóll	2019	83	56	0400	Svæði B	Rúðugler	Gler	Gler	Rúðuglerbrot
Vesturbúðarhóll	2019	83	57	0400	Svæði B	Glerbrot	Gler	Gler	6 mismunandi glerbrot, einn grænn flöskuháls, og 2 af einhverskonar flösku
Vesturbúðarhóll	2019	83	58	0400	Svæði B	Krítarpípa	Leir	Leir	Krítarpípuleggjabrot
Vesturbúðarhóll	2019	83	59	0400	Svæði B	Viðarkol			5 viðarkolsbrot
Vesturbúðarhóll	2019	83	60	0400	Svæði B	Leirker	Leir	Leir	9 mismunandi leirkerbrot
Vesturbúðarhóll	2019	83	61	0400	Svæði B	Leirhlutur			Ílangur hlutur, líklega úr leir. Eins og einhverskonar pípa eða rör
Vesturbúðarhóll	2019	83	62	0400	Svæði B	Dýrabein	Bein	Bein	Dýrabein
Vesturbúðarhóll	2019	83	63	0400	Svæði B	Járnhlutur	Málmur	Járn	Járnhlutur, pinni sem er búið að beygja saman
Vesturbúðarhóll	2019	83	64	0400	Svæði B	Járnhlutur	Málmur	Járn	11 Járnhlutir, járnplötur
Vesturbúðarhóll	2019	83	65	0400	Svæði B	Nagli	Málmur	Járn	26 ryðgaðir naglar
Vesturbúðarhóll	2019	83	66	0400	Svæði B	Lok	Málmur	Málm- blanda	Lok úr einhverskonar málm- eða koparblöndu
Vesturbúðarhóll	2019	83	67	0400	Svæði B	Málmhlutur	Málmur	Málm- blanda	Málmhlutur
Vesturbúðarhóll	2019	83	68	0403	Svæði B	Viðarlok	Viður	Viður	Líklega lok eða bot af viðartunnu
Vesturbúðarhóll	2019	83	69		Svæði B	Viðarbiti	Viður	Viður	Viðarbiti?

Viðauki III: Ljósmyndaskrá

Frame	Area	Context	Direction of camera	Lýsing
1	B	001	N	Fyrir uppgröft
2	B	001	N	Fyrir uppgröft
3	B	001	D	Fyrir uppgröft
4	B	001	N	Torf farið
5	B	001	N	Torf farið
6	B	400	S	Rúðugler
7	B	401	V	Meintur veggur
8	B	401	S	Meintur veggur
9	B	402	N	Sandlög f. utan hús
10	B	402	A	Grófur skeljaasndur, nærmynd
11	B	403	S	Viður í „gólf“ undir [400]
12	B	403	S	Viður í „gólf“ undir [400]
13	B	403	S	Viður í „gólf“ undir [400]
14	B	403	S	Viður í „gólf“ undir [400]
15	B	403	S	Yfirlitsmynd af lagi [403]
16	B	403	S	Yfirlitsmynd af lagi [403]
17	B	403	S	Yfirlitsmynd af lagi [403]
18	B	403	A	Viður (tunna) í lagi [403] - horft niður
19	B	403	A	Viður (tunna) í lagi [403] - horft niður
20	B	403	A	Viður (tunna) í lagi [403] - horft niður
21	B	403	A	Viður (tunna) í lagi [403] - horft niður
22	B	403	A	Viður (tunna) í lagi [403] - horft niður
23	B	403	A	Viður (tunna) í lagi [403] - horft niður
24	B	403	A	Viður (tunna) í lagi [403] - horft niður
25	B	403	A	Viður (tunna) í lagi [403] - horft niður
26	B	403	N	Viður (tunna) í lagi [403] - horft niður
27	B	407	V	Undirstaða
28	B	407	S	Undirstaða
29	B	407		Undirstaða, horft niður
30	B	407	V	Viður og undirstaða
31	B	407	S	Viður og undirstaða
32	B	407	A	Viður og undirstaða
33	B	407	A	Viður og undirstaða
34	B	405	A	Tunnugjörð, í lagi [405]
35	B	405	A	Tunnugjörð, í lagi [405]
36	B	405	N	Meint grjóthleðsla
37	B	405	A	Meint grjóthleðsla
38	B	405	A	Meint grjóthleðsla

39	B	402	N	Skurður A-megin við vegg, járnpanna. Með skala
40	B	402	N	Skurður A-megin við vegg, járnpanna. Með skala
41	B	402	N	Skurður A-megin við vegg, járnpanna. Með skala
42	B	402	A	Skurður A-megin við vegg, járnpanna. Með skala
43	B	402	N	Steinar undir járnþönnu í skurði A-megin við vegg
44	B	402	N	Járnpanna í skurði A-megin við vegg
45	B	402	NV	Steinar undir járnþönnu í skurði A-megin við vegg
46	B	405	A	Snið með skala
47	B	405	A	Rof í hleðslu
48	B	405	A	Rof í hleðslu
49	B	405	A	Snið með skala
50	B	405	A	Snið með skala
51	B	405	A	Snið með skala
52	B	405	A	Snið með skala
53	B	406	V	Snið í skurði A-megin við vegg. Með skala
54	B	406	V	Snið í skurði A-megin við vegg. Með skala
55	B	406	V	Snið í skurði A-megin við vegg. Með skala
56	B	406	V	Snið í skurði A-megin við vegg. Með skala
57	B	406	V	Snið í skurði A-megin við vegg. Með skala
58	B	406	V	Snið í skurði A-megin við vegg.
59	B	406	V	Snið í skurði A-megin við vegg.
60	B	406	V	Snið í skurði, A-megin við vegg
61	B	406	V	Snið í skurði, A-megin við vegg
62	B	406	V	Snið í skurði, A-megin við vegg
63	B	406	V	S-endi
64	B	406	V	S-endi
65	B	406	V	Í miðju
66	B	406	V	Allt
67	B	406	V	Allt
68	B	406	V	N-endi
69	B	406	V	N-endi
70	B	406	V	Allt
71	B	406	V	Allt
72	B	406	N	Allt
73	B	406	N	Allt
74	B	406	V	V-endi
75	B	406	V	V-endi